

*Ulf.*  
**Einfeldni**

Í SÍÐAST útkomnu Helgafelli — tímariti því er svo er nefnt — kemst Ólafur Jóh. Sigurðsson þannig að orði (s. 347): — „Sannýall eftir dr. Helga Pjeturss (og önnur bók sem hann nefnir) fengu ekki heldur samrýnst (!) hugmyndum mínum um nytsamt lestrarefnii“.

Hinn ungi skáldsagnahöfundur lætur þarna í ljósi þá skoðun, að menn muni ekki hafa gagn af að lesa þessa bók mína. Hinsvegar held jeg, sem kominn er á efri aldur, og hefi varið ævi minni, umfram annað, til að reyna að afla mjer þekkingar og hugsa sem rjettast, að það sje nú einmitt sjerstaklega árið andi, að kynnast þeim sannindum sem jeg hygg að jeg hafi fundið, og hefi í mörgum ritgerðum skýrt frá, eftir því sem jeg hefi best getað. Vil jeg nú

biðja menn að hugleiða, hvað liklegast er um það, hvor okkar muni hafa rjett fyrir sjer.

Og svo er annað. Þó að nú betta sem hið unga skáld hefir skrifað, yrði til þess að fæla einhverja frá því að lesa ritgerðir mínar, þá gæti það ekki orðið skáldinu til gagns á nokkurn hátt. En hinsvegar er augljóst, að þessi ógáfulega árás hans á mig, hlýtur óhjákvæmi lega að drága til muna úr því álti sem jeg kynni að hafa haft á hinum unga skáldsagnahöfundi.

Í marsm.

Helgi Pjeturss.

**Leiðrjetting.**

Í greininni „Jarðfræðirannsókn Íslands“ hafði misprentast „jarðepli“ fyrir jarðeðli.

*[Handwritten signature]*

H. P.